

AUGLÝSING

78

20. maí

um bann við veiði göngusilungs við ósa Svarfaðardalsár.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, er öll veiði göngusilungs bönnuð í sjó fyrir strandlengjunni út frá ósum Svarfaðardalsár frá Hólsnaustum, utan Dalvíkur, að Hálshorni.

Bann þetta gengur í gildi 1. júní 1944.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. maí 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

79

23. maí

um breyting á reglugerð nr. 61 14. júní 1933, um raforkuvirki.

Við 132. gr. reglugerðarinnar bætist nýr liður, sem verður c-liður, svo hljóðandi:
c. Rafmagnseftirlitið getur krafizt þess, að raforkuvirki, hlutar þeirra eða efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki frá því. Viðurkenningarmerkið skal vera upphafsstafurinn Í innan í hring. Rafmagnseftirlitið setur nánari reglur um notkun merkisins og má enginn nota merkið, nema með leyfi þess og samkvæmt þeim reglum, sem það setur. Hvergi má nota annað merki svo svipað þessu, að óttast þurfi, að villst verði á merkjunum við lauslega athugun.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki og lögum nr. 38 12. júní 1939, um viðauka við og breytingar á þeim lögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Skagfirðingasjóð“, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 23. maí 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

80

23. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skagfirðingasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skagfirðingasjóður og er stofnaður með arfleiðsluskrá hjónanna Pálma Péturssonar, fyrrverandi bónda á Sjávarborg og síðar kaupmanns á Sauðárkróki og frú Helgu Guðjónsdóttur konu hans. Er arfleiðsluskráin dagsett 30.

80 dag júnímánaðar 1936 og er nafn sjóðsins og önnur aðalatriði skipulagsskrár þess-
23. maí arar þar ákveðið.

Höfuðstóll sjóðsins er að upphæð kr. 13450.00 — þrettán þúsund fjögur hundruð og fimmtíu krónur —.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja samgöngumál og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir í Skagafjarðarsýslu. Gefur sýslunefndin sett með reglugerð nánari ákvæði um úthlutun úr sjóðnum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal hann aukinn með gjöfum, sem honum kann að áskotnast, og ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Þar til höfuðstóll sjóðsins hefur náð hálfri milljón gullkróna skal leggja helming ársvaxtanna við höfuðstólinn, en upp frá því einn fjórða hluta þeirra. Hinum hluta vaxtanna skal að jafnaði varið til að fullnægja tilgangi sjóðsins.

5. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur á hendi yfirstjórn sjóðsins. Kýs hún þriggja manna nefnd úr sínum hópi fyrir hvert kjörtímabil sýslunefndarinnar til þess að sjá um reikningshald sjóðsins og gera tillögur um árlegar fjárveitingar úr honum. Skal sjóðstjórnin halda gerðabók, þar sem færðar eru allar umsóknir um styrk úr sjóðnum, hverjir verða styrks aðnjótandi og annað, er máli skiptir um stjórn sjóðsins. Færa skal í gerðabókina reikninga sjóðsins.

6. gr.

Úthlutun er sjóðnum er því aðeins gild að fjórir fimmtu hlutar atkvæða allrar sýslunefndarinnar séu henni fylgjandi, annars falla allir vextirnir til höfuðstólsins. Engin úthlutun má gerast fyrir lengri tíma en eitt ár í senn.

7. gr.

Árlegur reikningur fyrir sjóðinn skal jafnan lagður fyrir aðalfund sýslunefndarinnar til endurskoðunar og úrskurðar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

81 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ingibjargar Björns-
24. maí dóttur, húsfreyju á Torfalæk“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. maí 1944.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Björnsdóttur, húsfreyju á Torfalæk.

1. gr.

Sjóður þessi er myndaður af Sambandi Austur-Húnavetnskra kvenna (S. A. H. K.) til minningar um húsfreyju Ingibjörgu Björnsdóttur á Torfalæk, er andaðist 10. sept 1940. Stofnfé sjóðsins er kr. 1512.87. Sjóðinn má auka með gjöfum og áheitum.